

Skýrsla Íslandspósts um áhrif fækkunar dreifingardaga í sveitum – 16. janúar 2017

Árið 2003 var dreifingardögum póstsendinga í sveitum fjölgað úr þremur á viku í fimm á viku. Frá þessum tíma hefur orðið um 50% fækkun bréfa með tilheyrandi minnkun magns í hverri vitjun. Þann 1. apríl 2016 var þjónusta í dreifbýli takmörkuð við dreifingu annan hvern virkan dag. Kostnaður við dreifikerfi í sveitum er að megninu til fastur kostnaður þar sem kostnaður er háður eignum kílómetrum. Reiknað var með að spara um 50% af kostnaði við þessa aðgerð og má segja að það markmið hafi náðst frá fyrsta degi. Beinn sparnaður vegna færri vitjana nemur 170 mkr. árlega. Auk þess hefur svigrúm til flokkunar aukist sem leitt hefur til sparnaðar sem erfitt er að setja nákvæma tölu á. Sparnaðar áhrif eru í kringum 200 mkr. árlega.

Frá því að ákvörðun var tekin um fækkun dreifingardaga í sveitum hefur orðið veruleg aukning í skráðum sendingum á landsvísu. Þannig voru skráðar sendingar um 20% fleiri á árinu 2016 en árið 2015, mest á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallsleg aukning í dreifbýli er á bilinu 10-15% og hefur hún haft nokkur áhrif á ákveðnar akstursleiðir, bæði hvað varðar ferðatíma og rýmisnýtingu í bílum. Aukið magn skráðra sendinga hefur í för með sér að aka þarf heim að fleiri bæjum en áður, þar sem sendingar komast ekki í póstkassa. Þetta leiðir til þess að ferð landpósts tekur lengri tíma sem á lengri leiðum hefur stundum leitt til of langs ferðatíma. Bregðast hefur þurft við þessu á einstaka stöðum með endurskipulagningu landpóstaleiða og aukaferðum í einhverjum tilfellum, m.a. frá miðjum desember síðastliðnum.

Við framangreinda breytingu á fjölda dreifingardaga sóttust allflestir landpóstar eftir því að halda áfram störfum í skertu starfshlutfalli og var ákveðið að verða við því. Rekstrarlega er það þó óhagstæðara þar sem krafa um hærri taxta er meiri í hlutastarfi þar sem fjárfestingarkostnaður í atvinnutæki er bundinn hverjum landpósti óháð starfshlutfalli. Að sumu leyti fer þetta þó ágætlega saman, sérstaklega þar sem fleiri en ein dreifingarleið er út frá hverju pósthúsi, þar sem þá reynist jafnan auðveldara að manna fjarvistir.

Áframhaldandi aukning skráðra sendinga mun auka álag á dreifikerfi sendinga. Kostnaður þess er stökkbreytilegur, þar sem hægt er upp að vissu marki að auka magn í dreifikerfi án þess að bæta þurfi við nýrri leið eða fjölga eða stækka atvinnutæki og því hefur þróun í magni skráðra sendingar veruleg áhrif á hagkvæmni dreifikerfisins. Mestur hluti aukningar til þessa er sendingar frá Kína, en fyrir liggur að tekjur standa engan veginn undir kostnaði við dreifingu. Enn hefur aukning í magni þeirra þó ekki leitt til stökkbreytilegs kostnaðar svo miklu nemi.

Kvartanir sem borist hafa Íslandspósti í kjölfar fækkunar dreifingardaga í sveitum, eru aðallega vegna óreglulegra afhendingardaga, þar sem þeir eru ekki þeir sömu milli vikna. Íslandspóstur taldi nauðsynlegt að hafa dreifingarfyrikomulag með þeim hætti til að jafna út frídaga, sem koma upp, milli landpóstaleiða sem og til að ná auknum sparnaði í rekstri dreifikerfis, þar sem tekjur af rekstri þess nægja ekki til þess að standa undir kostnaði. Gefið er út árlega dagatal fyrir komandi ár, sem sýnir væntanlega dreifingardaga, og er það sent á öll pósthönding í dreifibýli ásamt því sem það er aðgengilegt á heimasíðu Íslandspósts. Þá hafa kvartanir borist vegna dreifingar blaða, einkum frá áskrifendum Morgunblaðsins. Kvartanir þessar og ábendingar eru út af fyrir sig skiljanlegar, enda um skerta þjónustu að ræða frá því sem áður var. Af hálfu Íslandspósts hefur því verið svarað til, að félagið hafi fullan hug á því að halda uppi tíðari þjónustu, en til þess hefur það ekki fjárhagslegt bolmagn, ef tekjur af þjónustunni nægja ekki fyrir kostnaði, sem af henni leiðir. Jafnframt er vakin athygli á því, að víðast hvar í Evrópu er hluti af pósthjónustu þar sem tekjur duga ekki fyrir gjöldum greidd af stjórnvöldum, en slíkt þekkist ekki hér á landi.

Samhliða breytingum á fjölda dreifingardaga í sveitum, sbr. rg. nr. 868/2015, var íbúum í sveitum gert skylt frá og með 1. janúar 2016 að bera kostnað af kaupum, uppsetningu og viðhaldi bréfabakassa, en slíkt hefur átt við um bréfabakassa og lúgur í þéttbýli. Af hálfu Íslandspósts var ákveðið að fresta gildistöku þessa ákvæðis til 1. júní 2016. Íslandspóstur sendi öllum íbúum í sveitum dreifibréf, þar sem þessi breyting var kynnt. Fyrir gildistöku þessara breytinga réðst Íslandspóstur í endurnýjun á bréfabakösum um allt land, þar sem þörf var á, og var við það miðað að skil félagsins á póstkösum væri sambærileg fyrir öll pósthönding í sveitum landsins. Þrátt fyrir ítarlega kynningu virðist enn gæta þess misskilnings, að

Íslandspósti beri að sjá um þessa endurnýjun og viðhald póstkassa í sveitum. Því kann að koma upp sú staða að móttökuskilyrði póstsendinga verði ekki í samræmi við reglur um póstmæðferð samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga nr. 19/2002 um póstpjónustu. Í slíkum tilvikum er ráð fyrir því gert, að Íslandspóstur geymi sendingar sem biðpóst á næsta afgreiðslustað, þar til bætt hefur verið úr móttökuskilyrðum.

Miðað við umfang framangreindra breytinga er það mat pósthúsasviðs Íslandspósts að framkvæmd þeirra hafi almennt gengið vel. Einnig hefur sú kostnaðarlækkun sem áætluð var gengið eftir. Kvartanir eru mun færri frá móttakendum sendinga en búist var við. Rétt þykir að taka fram, að Íslandspóstur er vel í stakk búinn til þess að sinna aukinni þjónustu svo framarlega sem tekjur standa undir kostnaði.